

## 88. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn fimmtudaginn 6. september 2018.

### Fundargerð

**Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Reyðarfirði og hófst kl. 14:00.**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Jón Björn Hákonarson (JBH), Gauti Jóhannesson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Arnbjörg Sveinsdóttir (AS)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Einar Már Sigurðarson, meðlimur millipinganefndar SSA.

### Dagskrá:

1. Millipinganefnd SSA
2. Staðfesting á tilnefningum
3. Kynning á tilnefningum FAUST
4. Tilnefning í stýrihóp í Fljótsdal
5. Fjármál Austurbrúar
6. Starfshópur um innanlandsflug
7. Ný verkefni í vinnslu
8. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

## 1. Millipinganefnd SSA

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður millipinganefndar og Einar Már Sigurðsson mættu til fundarins og fóru yfir lokatillögur nefndarinnar til aðalfundar SSA. Stjórn þakkar nefndarmönnum fyrir komuna og kynninguna á tillögnum. Stjórn reiknar með að fá kynningu á niðurstöðu aðalfundar SSA á næsta fundi stjórnar.

*Einar Már yfirgaf fundinn að þessum lið loknum.*

## 2. Staðfesting á tilnefningum

Stjórn staðfestir eftirfarandi tilnefningar í stjórnir byggt á skipulagsskrá viðkomandi stofnana:

### **Breiðdalssetur**

Aðalmaður: Hákon Hansson

Varamaður: Páll Baldursson

### **Tónlistarmiðstöð Austurlands**

Aðalmaður: Hildur Þórðardóttir

Varamaður: Jóna Árný Þórðardóttir

## 3. Kynning á tilnefningum FAUST

Framkvæmdastjóri kynnti verklagið sem viðhaft er varðandi tilnefningar FAUST í nefndir og ráð. Í framhaldinu fór framkvæmdastjóri yfir tilnefningar FAUST í samráðshóp vegna svæðisráðs fyrir strandsvæðaskipulag á Austfjörðum sem og fyrir áheyrnarfulltrúa í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs.

## 4. Tilnefning í stýrihóp í Fljótsdal

Stjórn samþykkir að tilnefna Signýju Ormarsdóttur í stýrihópinn fyrir hönd Austurbrúar.

## 5. Fjármál Austurbrúar

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu stærðir í rekstri Austurbrúar á árinu 2018.

## 6. Starfshópur um innanlandsflug

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála er varðar þátttöku hans í starfshópi er fjallar um innanlandsflug.

## 7. Ný verkefni í vinnslu

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi ný verkefni í vinnslu. Stjórn samþykkir að ný verkefni í vinnslu komi til stjórnar til kynningar þegar búið er að móta verkefnahugmyndirnar.

## 8. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur stjórnar verður þann 11. September á Egilsstöðum kl. 14.00-16:00. Fundi slítið kl. 15:45

---

Jón Björn Hákonarson

---

Arnbjörg Sveinsdóttir

---

Sveinn Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Sæunn Stefánsdóttir